

57. AÐALFUNDUR SAMTAKA SVEITARFÉLAGA Á VESTURLANDI



HÓTEL BORGARNES
25. MARS 2026

DAGSKRÁ AÐALFUNDAR 2026

AÐALFUNDUR SSV 2026 HALDINN Á HÓTEL BORGARNESI Í BORGARNESI

Miðvikudagurinn 25. mars 2026

Dagskrá

1. Skýrsla stjórnar SSV um starfsemi liðins árs
2. Ársreikningur SSV og skýrsla endurskoðanda
3. Fjárhagsáætlun 2026 – var samþykkt á Haustþingi SSV 2025
4. Starfsáætlun 2026 – var samþykkt á Haustþingi SSV 2025
5. Stjórnarkjör – kosið verður í stjórn á aukaaðalfundi SSV sem mun fara fram síðar á árinu
6. Kosning í nefndir sem starfa milli aðalfunda – ekki kosið í nefndir að þessu sinni
7. Ákvörðun um laun og þóknun til stjórnar og nefnda
8. Kosning endurskoðanda
9. Önnur mál löglega fram borin

FULLTRÚAR OG GESTIR Á AÐALFUNDI SSV 2026

Akranes

- Líf Lárusdóttir bæjarfulltrúi
- Ragnar B. Sæmundsson bæjarfulltrúi
- Valgarður L. Jónsson bæjarfulltrúi
- Liv Aase Skarstad bæjarfulltrúi
- Einar Brandsson bæjarfulltrúi stjórn SSV
- Haraldur Benediktsson bæjarstjóri

Borgarbyggð

- Sigrún Ólafsdóttir sveitarst.fulltrúi
- Davíð Sigurðsson bæjarfulltrúi
- Bjarney Bjarnadóttir sveitarst.fulltrúi
- Brynja Þorsteinsdóttir sveitarst.fulltrúi
- Eðvarð Ó. Traustas. sveitarst.fulltrúi
- Sigurður Guðmundsson stjórn SSV
- Stefán Broddi Guðjónsson sveitarstjóri

Dalabyggð

- Skúli Hreinn Guðbjörnsson sveitarst.fulltrúi
- Guðlaug Kristinsdóttir sveitarst.fulltrúi

Eyja- og Miklaholtshreppur

Grundarfjarðarbær

- Bjarni Sigurbjörnsson bæjarfulltrúi
- Signý Gunnarsdóttir bæjarfulltrúi
- Björg Ágústsdóttir Bæjarstjóri

Hvalfjarðarsveit

- Andrea Ýr Arnarsdóttir sveitarst.fulltrúi
- Birkir Snær Guðlaugsson sveitarst.fulltrúi
- Inga María Sigurðardóttir sveitarst.fulltrúi

- Elín Ósk Gunnarsdóttir stjórn SSV
- Linda Björk Pálsdóttir sveitarstjóri

Skorradalshreppur

- Jón Eiríkur Einarsson sveitarst.fulltrúi
- Pétur Davíðsson stjórn SSV

Snæfellsbær

- Auður Kjartansdóttir bæjarfulltrúi
- Fríða Sveinsdóttir bæjarfulltrúi
- Júníana Björg Óttarsdóttir bæjarfulltrúi stjórn SSV
- Margrét Sif Sævarsdóttir bæjarfulltrúi
- Kristinn Jónasson bæjarstjóri

Stykkishólmsbær

- Hrafnhildur Hallvarðsdóttir bæjarfulltrúi
- Steinunn I. Magnúsdóttir bæjarfulltrúi
- Jakob Björgvin Jakobsson bæjarstjóri

Starfsmenn SSV

- Hrefna B. Jónsdóttir
- Hrafnhildur Tryggvadóttir
- Kristján Meldal
- Linda Guðmundsdóttir
- Margrét Björk Björnsdóttir
- Páll S. Brynjarsson
- Sædís Björk Þórðardóttir
- Alma Auðunsdóttir

Fulltrúar og Gestir eftirfarandi samstarfsaðila SSV á Vesturlandi

- STARFSENDURHÆFING VESTURLANDS
- SÍMENNTUNARMÍÐSTÖÐ VESTURLANDS
- HEILBRIGÐISNEFND VESTURLANDS
- SORPURÐUN VESTURLANDS



FUNDARSETNING

Ragnar B Sæmundsson, formaður stjórnar SSV setti fundinn og bauð fulltrúa og gesti velkomna. Hann lagði til að Haraldur Benediktsson yrði fundarstjóri og Hrafnhildur Tryggvadóttir yrði fundarritari var það samþykkt samhljóða. Fundarstjóri tók við fundarstjórn.

Fundarstjóri: Haraldur Benediktsson

Fundarritari: Hrafnhildur Tryggvadóttir

Kjörbréfanefnd: Fríða Sveinsdóttir, Linda Björk Pálsdóttir og Sædís Þórðardóttir

Tillaga um starfsmenn fundarins - **Samþykkt samhljóða**

1. SKÝRSLA STJÓRNAR

Fundarstjóri gaf Ragnari B. Sæmundssyni formanni SSV orðið til að flytja skýrslu stjórnar.

Ragnar fjallaði um það lagaumhverfi sem SSV starfar í og þau verkefni sem samtökunum eru með lögum falin og hver eru helstu markmiðin í samþykktum SSV. Hann taldi hlutverk SSV aldrei hafa verið mikilvægara en nú um stundir og sagði starf samtakanna og hagsmunabaráttu skipta gríðarlega miklu máli.

Aðalfundur SSV var haldinn á Hótel Hamri 26. mars 2025. Á sama degi og aðalfundur SSV fór fram héldu aðrir samstarfsaðilar sem að öllu leyti eða hluta til eru í eigu sveitarfélaga sína aðalfundi. Á aðalfund SSV mættu 51 fulltrúi og gestir og á þeim fundi var Ragnar kjörinn formaður. Hann þakkaði traustið og þakkaði Guðveigu Eyglóardóttur fyrrum formanni fyrir vel unnin störf.

Haustþing SSV 2025 fór fram á Akranesi 29. október. Alls sátu þingið tæplega 50 fulltrúar og gestir. Þema þingsins var aðdráttarafl sveitarfélaga. Ragnar nefndi í því samhengi sérstaklega mikilvægi samgöngumála, og að Sundabraut muni skipta sköpum þegar kemur að aðdráttarafl sveitarfélaga á Vesturlandi.

Ragnar stiklaði á stóru í starfsemi SSV á árinu 2025 og kynnti skipurit, stjórnarfolk og starfsfolk. Í árslok 2025 voru 16 starfsmenn hjá SSV í samtals 12,9 stöðugildum. Ragnar minntist Svölu Svavarsdóttur en hún féll frá í september 2025.

Ragnar fór yfir samstarfsverkefni og hagsmunagæslu, en eitt af markmiðum SSV er að gæta hagsmuna sveitarfélaga á Vesturlandi. Formaður og framkvæmdastjóri SSV áttu fundi með fulltrúum annarra landshlutasamtaka, sátu fund landshlutasamtaka með stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga og tóku þátt í landsþingi sveitarfélaga sem og fjármálaráðs Stefnu sveitarfélaga. Stjórn SSV fær til umsagnar ýmis lagafrumvörp og sendir frá sér umsagnir um nokkur mál. Þá var fundað með nefndum alþingis, ráðuneytum og ríkisstofnunum vegna ýmissa mála. Þá skipulagði SSV fundi fyrir sveitarstjórnarfolk á Vesturlandi með ráðherrum og þingmönnum um ákveðin málefni. Ragnar sagði SSV eiga í virku samtali við ráðuneyti og ráðherra í ýmsum málum og samtökin gæti þannig hagsmuna Vesturlands með virkum hætti.



Ragnar fór yfir útgáfu á vegum SSV sem er gríðarlega gott og gagnlegt efni fyrir sveitarstjórnarfolk og mikilvægt að geta kallað eftir tölfræðigögnum með skömmum fyrirvara. Hann taldi samtökin hafa yfir miklum mannauði að ráða og fór yfir starfsemi mismunandi sviða innan SSV sem eru Atvinnu- og byggðaþróunarvið, Menningar- og velferðarsvið og Áfangastaða- og markaðssvið. Hann fór yfir Sóknaráætlun Vesturlands; skipulag hennar, fjármögnun, áhersluverkefni og Uppbyggingarsjóð. Ragnar benti á að Sóknaráætlun er að velta miklu fjármagni til fjölbreyttra verkefna á Vesturlandi og hann ítrekaði mikilvægi þess að sveitarfélög og kjörnir sveitarstjórnarfulltrúar kynni sér hvaða starfsemi fer fram hjá SSV, þau verkefni sem þar eru unnin og hvaða þjónusta er í boði hjá samtökunum. Ragnar benti á að kjörnir fulltrúar beri ábyrgð á að kynna starfsemi SSV fyrir nýjum sveitarstjórnarmönnum. Á kosningaári sé mikil reynsla að hverfa úr sveitarstjórnnum og mikilvægt að tryggja samfellu í starfinu til að þekking glatist ekki.

Ragnar fjallaði um byggðaáætlun og þau verkefni sem hafa verið í gangi á Vesturlandi í gegnum hana. Hann rifjaði upp að ferð stjórnar SSV til Skotlands, þar sem uppbygging iðngarða í gegnum fjármagn til byggðamála, hafi leitt til þess að verkefni um Iðngarða í Búðardal hófst í samstarfi við Byggðastofnun. Verkefnið DalaAuður sem hefur verið hluti af verkefni Byggðastofnunar Brothættar byggðir frá árinu 2022 og er samstarfsverkefni Dalabyggðar, Byggðastofnunar og SSV skipti t.d. verulegu máli enda hafi verkefnið tekist afar vel til og ákveðið hafi verið að framlengja það um eitt ár.

SSV vann á árinu 2025 að sex verkefnum sem voru styrkt úr byggðaáætlun. Verkefnin eru: *Dalabyggð í sókn* (ímynd Dalabyggðar), *Iðngarðar í Búðardal*, *Verðmætasköpun á sauðfjárræktarsvæðum*, *Almenningssamgöngur í Dalabyggð*, *Auðarstofa nýsköpunarsetur í Dalabyggð* og *Hver vegur að heiman er vegurinn heim í Dalabyggð*.

Fundarstjóri þakkaði Ragnari fyrir framsögu um ársskýrslu og lagði til að opnað verði fyrir umræður um ársskýrslu eftir yfirferð ársreiknings.

2. ÁRSREIKNINGUR SSV

Páll S. Brynjarsson, framkvæmdastjóri SSV kynnti ársreikning SSV 2025

Rekstrarreikningur

- Tekjur kr. 259.220.724
- Gjöld kr. 262.399.483
- Vaxtatekjur kr. 6.796.133
- Rekstrarniðurstaða **kr. 3.617.374**

- Efnahagsreikningur
 - Eignir kr. 263.546.070 (Fasteign, bifreiðar, búnaður, kröfur og handbært fé)
 - Skuldir kr. 167.187.786 (Skammtímaskuldir, óútgreiddir styrkir, langtímaskuld)
 - Eiginfjárreikningur kr. 96.358.284

- Sjóðstreymi
 - Veltufé kr. 5.174.574
 - Handbært fé kr. 176.762.610



Þá fór Páll yfir rekstur Sóknaráætlunar 2025

- Sóknaráætlun 2025
 - Framlög frá ríki og sveitarfélögum samtals **kr. 121.891.276**
 - Hefðbundin framlög frá ríki kr. 105.203.989
 - Framlag sveitarfélaga kr. 13.320.750
 - Vaxtatekjur kr. 3.366.537
 - Notað árið 2025 **kr. 139.958.185**
 - Uppbyggingarsjóður kr. 66.000.000
 - Áhersluverkefni kr. 59.958.185
 - Umsjón kr. 14.000.000
- Efnahagsreikningur, áhrif sóknaráætlunar
 - Skammtímaskuldir, ógreiddir styrkir kr. 57.213.110
 - Ógreidd framlög vegna áhersluverkefna kr. 54.336.010

Fundarstjóri þakkaði Páli fyrir framsögu um ársreikning

Fundarstjóri bað fulltrúa úr kjörbréfanefnd að gera grein fyrir störfum hennar. Linda B. Pálsdóttir fór yfir störf kjörbréfanefndar. Fundarstjóri sagði fund löglegan og þakkaði kjörbréfanefnd fyrir.

Þá opnaði fundarstjóri fyrir umræður og fyrirspurnir um ársskýrslu og ársreikning.

Til máls tóku Kristinn Jónasson og Páll S. Brynjarsson

Spurt var um ógreidd framlög úr Sóknaráætlun og hvaða reglur gildi um tímalengd verkefna og greiðslur styrkja, sem og áhersluverkefni. Framkvæmdastjóri fór yfir helstu reglur Uppbyggingarsjóðs og hvaða reglur er miðað við ef framgangur verkefna er ekki samkvæmt verkáætlun í umsókn.

Fundarstjóri bar skýrslu stjórnar og ársreikninga upp til samþykkis.

Skýrsla stjórnar SSV 2025 – **Samþykkt samhljóða**

Ársreikningur SSV 2025 – **Samþykkt samhljóða**

3. FJÁRHAGSÁÆTLUN 2026

Var samþykkt á Haustþingi 2025

4. STARFSÁÆTLUN 2026

Var samþykkt á Haustþingi 2025



5. BREYTINGAR Í STJÓRN SSV

Stjórnarkjör – kosið verður í stjórn á aukaaðalfundi SSV sem mun fara fram síðar á árinu.

6. KOSNING Í NEFNDIR SEM STARFA Á MILLI AÐALFUNDA

Aðalfundur þarf ekki að kjósa í neinar nefndir að þessu sinni.

7. ÁKVÖRÐUN UM LAUN OG ÞÓKNUN TIL STJÓRNAR OG NEFNDA Á VEGUM SSV

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir tillögu fyrir fundinn um að laun stjórnar og nefnda verði óbreytt frá fyrra ári en hún hljómar þá svona:

Laun stjórnar

- Mánaðarlaun formanns 8% af þingfararkaupi
- Laun formanns fyrir að stjórnar fundi 4,5% af þingfararkaupi
- Laun stjórnarmanna 4,0% af þingfararkaupi fyrir hvern fund
- Aksturskostnaður verður greiddur samkvæmt akstursdagbók í samræmi við reglur RSK

Laun nefnda

- Laun formanns nefndar 4,0% af þingfararkaupi fyrir hvern fund
- Laun nefndarmanna 2,5% af þingfararkaupi fyrir hvern fund
- Aksturskostnaður verður greiddur samkvæmt akstursdagbók í samræmi við reglur RSK

Fundarstjóri gefur orðið laust

Fundarstjóri bar upp tillögu um laun stjórnar og nefnda

Samþykkt samhljóða

8. KOSNING ENDURSKOÐENDA

Lagt var til að KPMG endurskoði ársreikninga SSV og tengdra aðila á árinu 2026.

Samþykkt samhljóða

9. ÖNNUR MÁL LÖGLEGA BORIN FRAM

Enginn kveður sér hljóðs.

Fundarstjóri þakkar stjórn og starfsfólki SSV fyrir góð störf og gefur formanni stjórnar orðið.

Formaður stjórnar Ragnar B. Sæmundsson slítur fundi kl. 15:30.